



BARÁTTUSAMTÖK OG SAMVISKA ÞJÓÐAR

Afmæliskveðja frá forseta Íslands

Baráttan fyrir jöfnuði og réttlæti hefur á langri vegferð krafist mikilla fórnna; hugsjónafólk verið í fararbroddi en notið stuðnings félaganna sem fundu sjálfir hvar skórinn kreppti. Ótrúlegar hindranir voru á þeirri leið en sigirnir líka fræknir.

Í hálfra öld hefur Öryrkjabandalag Íslands vaxið úr andófi og veikburða viðspyrnu samtakanna sex sem sáu í upphafi að ekki varð lengur unað við óbreytt ástand; vaxið í þjóðarafl sem býr nú að aðild röklega þrjátíu samtaka og tugum þúsunda félagsmanna; þjóðarafl sem náð hefur miklum árangri í réttarbótum og aðbúnaði en er líka orðið eins konar samviska landsmanna; vegvísir um athafnir og ákvarðanir, bæði ríkisvalds og sveitarfélaga; í reynd okkar allra.

Ég kynntist í æsku hvernig berklasjúklingar lentu utangarðs þótt viðunandi heilsu væri náð; margir þeirra höfðu þjáðst með móður minni. Það var einmitt reynslan af vettvangi SÍBS sem fyrir 50 árum eflði stofnendum Öryrkjabandalagsins kjark til að halda á brattann, trúá því að hægt væri að bæta aðstöðuna, fá fólkið í landinu til að styðja góðan málstað.

Öryrkjabandalagið hefur reist marga burðarása þeirrar velferðar sem við viljum nú telja sóma Íslands en það verk hefur ekki alltaf verið auðvelt, vonbrigðin oft töluverð þegar illa gekk. Jafnvel komu þær stundir að storma varð í réttarsali, treysta á Hæstarétt og vísa í sáttmála Evrópu og Sameinuðu þjóðanna til að verja hagsmuni félagsmanna.

Þótt margt megi enn bæta er samt á afmælisári hægt að líta glöð um öxl, fagna þeim gagngeru breytingum sem orðið hafa. Aðbúnaður, húsakostur, atvinna, kjarabætur, tryggingar, endurhæfing, menntun, fræðsla og þjálfun – allt er þetta nú með öðrum og betri brag. Þó þarf að halda vöku sinni því reynsla síðustu ára hefur kennt okkur að veðrabrigðin gera ekki alltaf boð á undan sér.

Öryrkjabandalag Íslands hefur á hálfri öld skilað glæsilegu starfi í þágu sinna félagsmanna en það hefur líka opnað þjóðinni nýja sýn, mennskari skilning á samábyrgðinni, vissu um að þrátt fyrir áföll er hægt að lifa góðu lífi.

Íslenska þjóðin heldur nú til móts við nýja tíma og þarf áfram að njóta styrkrar leiðsagnar ykkar í þeirri för. Öryrkjabandalagið hefur orðið rödd sem fólkið í landinu hlustar á, trúir og treystir. Í þeim árangri felst í senn gæfa og ábyrgð.